



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
b.t. bæjarráðs Akraness  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 27. september 2016

1604219 SH

**Efni: Sérkennsla í grunnskólum stuðningsfulltrúar**

Vegna fjölgunar nemenda með fötlunargreiningu í Brekkubæjarskóla (sérdeild) var óskað eftir heimild til ráðningu á stuðningsfulltrúa í 90% stöðu frá 1. maí til 10. júní 2016. Bæjarráð samþykkti þá beiðni. Ljóst er nú að ekki varð fækkun á nemendum með fötlunargreiningu heldur fjölgaði þeim við upphaf skólaársins 2016-2017. Óskað er því eftir áframhaldandi ráðningu stuðningsfulltrúa en nú í 100% stöðu frá 1. september s.l. til 31. desember 2016 (75% stöðugildi í sérdeild og 25% í frístund). Fyrri ár hefur verið stöðugildi stuðningsfulltrúa í Brekkubæjarskóla sem vegna breytingar á nemendahópnum var fækkað á árinu 2016. Nú hefur nemendum með fötlunargreiningu fjölgað í grunnskólunum á Akranesi, bæði nýgreiningar og aðflutt á Akranes. Í umsókn til Jöfnunarsjóðs vegna framlags vegna sérþarfa fatlaðra barna í grunnskólum var sótt um fyrir 38 börn fyrir skólaárið 2015-16 en fyrir 49 börn fyrir skólaárið 2016-17. Auk þessara barna eru fleiri fötluð börn í grunnskólunum sem falla ekki undir skilgreiningu Jöfnunarsjóðs vegna þessa framlags. Bæjarráð hefur áður samþykkt stöðugildi í Grundaskóla til að mæta þessari breyttu stöðu en einnig þarf að bregðast við þessari stöðu með auknu stöðugildi í Brekkubæjarskóla (sérdeild).

Kostnaður vegna þessarar beiðni er um kr. 1.700.000- með launatengdum gjöldum.

Beiðni fyrir stöðuhlutfalli stuðningsfulltrúa á árinu 2017 verður vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

Virðingarfyllst,

Svala Hreinsdóttir

deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðiþjónustu